

Stjórnarfundur Bergrisans 7. október 2019

Fundur hófst klukkan 13:00 í ráðhúsi Árborgar.

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður og Aldís Hafsteinsdóttir. Einnig eru mættir starfsmennirnir Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir og Ragnheiður Hergeirsdóttir ásamt Ingibjörgu Garðarsdóttur fjármálastjóra Árborgar. Sandra Brá Jóhannsdóttir er á fjarfundi og ritar jafnframt fundargerð.

Dagskrá

Aðalfundur Bergrisans

Formanni falið að boða til aðalfundar 23. október nk. kl. 14:30 í ráðhúsi Árborgar. Þjónusturáð og starfshópur um þjónustukjarna munu funda fyrir aðalfund og leggja fram tillögu til stjórnar um eðli og stærð húsnæðis. Á fundinum verður þjónustusamningur við Sólheima kynntur auk stöðu viðræðna við ráðuneytið um aðra þjónustusamninga.

Hugmyndir Árborgar um ráðningu verkefnisstjóra Bergrisans til eins árs

Hugmyndir kynntar um að Árborg ráði verkefnisstjóra til eins árs sem myndi sjá um málefni Bergrisans og yrði kostaður af Bergrisanum. Þjónustusamningurinn við Árborg hækkar þá sem nemur launakostnaði starfsmannsins. Stjórn óskar eftir nánari útfærslu og skilgreiningu frá Árborg á hugmyndinni.

Endurnýjun samnings við Skaftholt og samtal við rekstraraðila þar um þau mál

Formaður á fund með fulltrúum ráðuneytisins vegna undirbúnings fundar með forsvarsmönnum Skaftholts.

Endurnýjun NPA samnings á þjónustusvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Frekari gögn lögð fram á næsta fundi.

Nýting þjónusturýma í Breiðabólstað

Bergrisinn er með fjögur rými á Breiðabólstað en tvö eru í nýtingu. Ljóst er að móta þarf stefnu varðandi áframhaldandi fyrirkomulag.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn í aðdraganda aðalfundar.

Fundið slitið kl. 15:00